

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

210. fundur

Föstudaginn 30. janúar 2015 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs., á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 08:15

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Einar Birkir Einarsson, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, sem yfirgaf fundinn kl. 9:45 og Kristín Soffía Jónsdóttir. Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og fundarritari var Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri.

Tekið fyrir:

1. Starfsáætlun stjórnar 2015

Starfsáætlun fyrir árið 2015 lögð fram.

2. Reglur um hvað má fara í vagninn

Umræða um reglur sem birtar eru á heimasíðu Strætó bs. um hvað megi fara í vagninn og hvað ekki. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu að breytingum á reglum í samræmi við umræður á fundinum.

3. Stoppustöðvar

Umræða um rekstur og fyrirkomulag almennra biðstöðva svo og aðkomu Strætó bs. að rekstri á Hlemmi og í Mjódd. Stjórn er sammála því að æskilegt væri að skoða aukna samræmingu biðstöðva. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur að framtíðarskipulag á skipti- og stoppustöðvum Strætó á öllu höfuðborgarsvæðinu.

4. Vagnakaup

Fyrir fundinum lá minnisblað VSÓ-Ráðgjafar ehf., dags 26.01.2015, varðandi endurnýjun strætisvagna og útboðsferli henni tengt. Útboð nú er framhald samningskaupaferlis sem hófst á árinu 2013. Einstök kaup á rammasamningstíma verða boðin út innan rammasamningsins í örútböðum þar sem óskað verður eftir því að rammasamningsaðilar skili inn tilboði í útvegum á nýjum strætisvögnum. Stjórn samþykkir heimild til handa framkvæmdastjóra til að fara í örútböðsferli um kaup á nýjum strætisvögnum á tímabilinu 2015-2016 í samræmi við gildandi rammasamning og með hliðsjón af fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2015 og 2016.

5. Aðgerðaáætlun vegna fjölgunar farþega

Fyrir fundinum lágu drög að framkvæmdaráætluninni „Borgarlína 2030 – Framtíðarsýn“, dags. 28.01.2015. Áætlunin vísar m.a. til yfirstandandi stefnumörkunar Strætó og er e.k. kortlagning á samningi Strætó við ríkið frá 7. maí 2012 varðandi þá sýn sem birtist í samningnum til ársins 2022. Áætlunin tengist sérstaklega þeirri lykilendurskoðun sem samkvæmt samningnum á að vera lokið þann 1. apríl 2018, en við þá endurskoðun samningsins munu samningsaðilar leggja sérstakt og ítarlegt mat á árangur verkefnisins m.t.t. áframhalds að samningstíma loknum, og hvaða breytingar er nauðsynlegt að gera á samkomulaginu í ljósi niðurstöðu matsins. Framkvæmdaráætlunin, sem hugsuð er sem leiðarvísir inn í endurskoðun samningsins við ríkið 2018 með ákveðna framtíðarsýn varðandi enn frekari eflingu almenningsamgangna að leiðarljósi, þarf að samræmast stefnu sveitarfélaganna í fyrirbyggjandi tillögu að svæðisskipulagi höfuðborgarvæðisins sem nú er í auglýsingu, t.d. varðandi hugtökin "borgarlínu" og "samgöngumiðuð þróunarsvæði" sem vega þungt í svæðisskipulagstillögunni. Samþykkt að á næsta fundi stjórnar liggi fyrir drög að greinargerð með framkvæmdaráætluninni sem kynni nánar útfærslu á einstökum þáttum hennar.

6. Erindi

- a) Fyrir fundinum lá fyrirspurn frá borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, lögð fram á fundi borgarráðs 15. janúar 2015.

Framkvæmdastjóra var falið að svara fyrirspurninni í samræmi við framlögð drög að svarbréfi sem lagt var fram á fundinum.

- b) Fyrir fundinum lá bréf, dags. 26.01.2015, frá Hafnarfjarðarbæ þar sem kynnt er bókun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 21. janúar 2015.

Erindið var lagt fram og vísað til yfirstandandi stefnumótunarvinnu byggðasamlagsins.

7. Húsnæðismál

Umræður um framkvæmdir á húsnæði fyrirtækisins að Þönglabakka í Mjódd. Fyrir liggur endurskoðuð kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar sem sýnir hækkun kostnaðarhlutdeildar Strætó bs í verkinu um átta milljónir króna. Framkvæmdastjóri kynnti framvindu verksins og skýrði frá því í hverju breyting á verkinu nú felst.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að ganga frá samningum varðandi breytingar á húsnæði Strætó bs. að Þönglabakka í samræmi við endurskoðaða kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar.

8. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu

Smári Ólafsson, sviðsstjóri Akstursþjónustu Strætó bs., fór yfir stöðu akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu og lagði fram minnisblað með aðgerðaáætlun um úrbætur Strætó bs. á akstursþjónustunni til að bregðast við þeim vandkvæðum sem upp hafa komið í þjónustunni frá því sameiginleg ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu hófst þann 1. janúar 2015.

Samþykkt að framkvæmdastjóri sendi bæjarráðum allra aðildarsveitarfélaga Strætó bs. minnisblaðið til upplýsingar. Jafnframt var samþykkt að nú þegar verði farið í þjónustukönnun meðal notenda akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og að slík könnun verði gerð á sex mánaða fresti næstu tvö árin.

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, yfirlit fundinn.

9. Annað

- a) Afturköllun fyrri prókúru.

Lagt var fyrir fundinn að afturkalla prókúru Reynis Jónssonar, kt. 300663-5409, fyrrum framkvæmdastjóra Strætó bs. Tillagan samþykkt og tekur gildi samstundis.

- b) Veiting prókúru.

Lagt fyrir fundinn að nýjum framkvæmdastjóra Strætó bs., Jóhannesi S. Rúnarssyni, kt. 090662-7249 verði veitt prókúra. Tillagan samþykkt og tekur gildi samstundis.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 10:30

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Theódóra S. Þorsteinsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Sigrún Edda Jónsdóttir

Einar Birkir Einarsson